



Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 Umferðarspá

Forsendur og niðurstöður
Júní 2015

þekkingarleit -ar kvk 1 að afla þetta, það a

vila v e-u

að /

þekking

fróðleiksás

árangur áran

niðurstaða, það sei

(þara, gefa) góðan árangur • anek > áran

árangur 2 / árferði virðing -ar, -ar kvk 1 mat

það að virða > njo

virðingar / sýna e-m virðingu / bera virðingu fyrir e-u eð

for|skot НК 1 frestur 2 forhlaup, sá munur sem keppandi

fram yfir keppinauta sína þegar hann fær t.d. að byrja by

skot eð komast fram úr heim > 100 matu. For



Upphafið

VSÓ Ráðgjöf var stofnuð árið 1958. Til ársins 1996 hét fyrirtækið Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar, eftir stofnandanum, en í upphafi starfaði fyrirtækið einkum á sviði byggingarverkfræði.

Sagan

Fyrstu árin rak Stefán stofuna með Helga H. Árnasyni og Gunnari B. Guðmundssyni. Bjarni H. Frímannsson tók við framkvæmdastjórn af Stefáni Ólafssyni árið 1969 og 1972 var fyrirtækinu breytt í hlutafélag. Stefán P. Eggertsson kom til starfa 1973 og eignuðust þeir Bjarni fljótlega meirihluta í fyrirtækinu, og voru aðalstjórnendur þess í meira en þrjátíu ár. Bjarni og Stefán létu af störfum 2005 og er fyrirtækið síðan í eigu 15 hluthafa sem allir eru starfsmenn VSÓ Ráðgjafar.

Viðfangsefnin

Hönnun burðarvirkja var lengi vel aðalviðfangsefni VSÓ en á áttunda áratugnum var lagt út á nýjar brautir í þjónustu til að mæta sífellt fjölbreyttari þörfum viðskiptavina. Sú þróun hefur haldið áfram, ýmist með tilkomu nýrra ráðgjafarsviða eða stofnun dótturfyrirtækja í samstarfi við aðila með sérþekkingu á viðkomandi sviðum.

Núið

VSÓ Ráðgjöf veitir viðskiptavinum sínum alhliða verkfræðiráðgjöf með það að markmiði að tryggja þeim hagkvæmustu lausnir í hverju verkefni sem skila þeim raunverulegum árangri og forskoti á sínu sviði. Starfsmenn VSÓ Ráðgjafar vinna samkvæmt viðurkenndum starfsferlum, fyrirtækið hefur sett sér og framfylgir gæða- og umhverfisstefnu ásamt jafnréttisáætlun.

Fyrst og fremst

Ástæða þess að VSÓ Ráðgjöf er eftirsóknarverður samstarfsaðili liggur í þeirri meginhugsun sem einkennir allt starf á stofunni og hefur verið orðað með eftirfarandi hætti: Vinna okkar grundvallast á stöðugri þekkingarleit og virðingu fyrir verkefninu. Þannig tryggjum við viðskiptavinum okkar þann árangur sem þarf til að ná forskoti.

virðing

virðing -ar, -ar kvk 1 mat, þess virðingar, virðingarmark, virðingarmarkmið, virðingarmarkmiði

virðing 2 / arferðir • þess virðingar / sýna e-m virðingu / bera virðingu fyrir e-u

for|skot HK 1 frestur 2 forhlaup, sá munur sem keppandi

for|skot 2 / arferðir • þess for|skots / sýna e-m for|skot / hafa gott for|skot vera fremstur > hafa yfirburði 3 þess for|skots

for|skot 3 / arferðir • þess for|skots / sýna e-m for|skot / hafa gott for|skot vera fremstur > hafa yfirburði 3 þess for|skots

for|skot 4 / arferðir • þess for|skots / sýna e-m for|skot / hafa gott for|skot vera fremstur > hafa yfirburði 3 þess for|skots

13186

S:\2013\13186\1\Greinagerð\13186_Greinagerð_umferðarspár_150604.docx

Júní 2015

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1. Drög	10.10.2014	GMH	SJ	SJ
2. Drög	21.10.2014	GMH	SJ	SJ
3. Lokaskýrsla	04.11.2014	GMH	SGT	SJ
4. Umferðarspá uppfærð	04.06.2015	GMH	SJ	SJ

Forsíðumynd: Ragna Ólöf Guðmundsdóttir (2012). <http://ragnaice.deviantart.com>

Efnisyfirlit

0	Samantekt	3
1	Inngangur	4
1.1	Tilgangur verkefnis	4
1.2	Forsendur	4
1.3	Uppbygging greinargerðar	5
2	Aðeins um umferðarlíkan	6
2.1	Þróun umferðarlíkans	6
2.2	Líkan grunnárs	6
2.3	Spálíkan framtíðar	6
3	Forsendur umferðarspár	7
3.1	Ferðamyndun	7
3.1.1	<i>Umferðartalningar</i>	7
3.1.2	<i>Ferðavenjukönnun</i>	7
3.1.3	<i>Skipulagsgrunnur</i>	8
3.2	Ferðadreifing	8
3.3	Álagsreikningar	8
3.4	Gatnanet og reitir	8
3.4.1	<i>Gatnanet 2040 – lágmarksframkvæmdir</i>	9
3.4.2	<i>Gatnanet 2040 – allar framkvæmdir</i>	9
3.4.3	<i>Umferðarreitir</i>	10
3.5	Breyttar ferðavenjur	11
3.5.1	<i>Forsendur breyttra ferðavenja</i>	13
3.6	Umferðarspá - spátílfelli	15
4	Niðurstöður	16
4.1	Kortlagning núverandi umferðar (grunnár)	16
4.1.1	<i>Umferðarflæði 2012</i>	17
4.2	Umferðarspá 2040	18
4.2.1	<i>Umferðarflæði 2040</i>	20
4.2.2	<i>Mettunarhlutfall gatna 2040</i>	22
4.2.3	<i>Mismunur spár og grunnárs</i>	25
4.2.4	<i>Heildarakstur og heildaraksturstími</i>	27
4.2.5	<i>Umferðarálag</i>	28
5	Samantekt niðurstaðna	30
6	Heimildir	31
7	Viðauki	32

0 Samantekt

Í þessari greinargerð er fjallað um umferðarspá Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Fjallað er um helstu forsendur umferðarspárinnar, framkvæmd vinnunnar og niðurstöður.

Gerðar eru umferðarspár fyrir tvö mismunandi tilvik uppbyggingar á samgöngumannvirkjum; lágmarksframkvæmdir og allar framkvæmdir. Lágmarksframkvæmdir miðast við:

- ▶ Þegar ákveðnar framkvæmdir, þ.á.m.:
 - > Arnarnesvegur
 - > Tvöföldun Suðurlandsvegar frá Vesturlandsvegi og austur fyrir Rauðavatn
 - > Tvöföldun Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi suður í Hvassahraun með mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg
- ▶ Öskjuhlíðargöng og tengingar í Vatnsmýri

Allar framkvæmdir miðast við flestar stærri vega- og gatnaframkvæmdir sem tilgreindar eru í:

- ▶ Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024
- ▶ Tillögum sveitarfélaganna til vegaáætlunar árið 2007

Fyrir hvorn kost uppbyggingar samgöngumannvirkja eru jafnframt gerðar umferðarspár með og án tillits til breytinga á ferðavenjum. Óbreyttar ferðavenjur miðast við:

- ▶ Núverandi ferðamynstur, þ.e. að ferðir pr. íbúa verði jafnmargar árið 2040 og þær voru árið 2012
- ▶ Núverandi hlutdeild ferðamáta (bílferðir, almenningssamgöngur, gangandi/hjólandi) haldist óbreytt.

Breyttar ferðavenjur miðast við:

- ▶ Verulega fækkun bílferða
- ▶ Að hlutdeild almenningssamgangna þrefaldist
- ▶ Talsverða aukningu gangandi og hjólandi

Niðurstöður umferðarspár nýtast til að skilja betur samhengi byggðapróunar og samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þær sýna m.a. að breytingar á ferðavenjum hafa talsvert meira vægi en auknar framkvæmdir í því að draga úr umferðarálagi. Heildarakstur stími verður þannig styttri ef markmiðum um breyttar ferðavenjur nást í samanburði við að ráðast í allar gatnaframkvæmdir og að ferðavenjur séu óbreyttar. Auk þess verða heildartafir í gatnakerfinu minni. Miðað við óbreyttar ferðavenjur íbúa höfuðborgarsvæðisins verður fjöldi bílferða, árið 2040, á hvern íbúa 4,1 ferð á sólarhring, líkt og árið 2012. Breytist hins vegar ferðavenjur í takt við settar forsendur má gera ráð fyrir að fjöldi bílferða árið 2040 verði 3,5 ferðir á hvern íbúa.

Heildarakstur einkabíla á höfuðborgarsvæðinu árið 2012 var samkvæmt kortlagningu umferðar um 4,2 milljón km á sólarhring. Miðað við óbreyttar ferðavenjur er heildarakstur árið 2040 áætlaður um 6,5 milljón km á sólarhring og eykst því um 54% frá 2012. Miðað við forsendur um breyttar ferðavenjur er heildarakstur hins vegar áætlaður um 5,8 milljón km á sólarhring og eykst því um 36% frá 2012. Færri bílferðir vegna breyttra ferðavenja árið 2040 samanborðið við óbreyttar ferðavenjur þýðir um 700.000 km minni akstur á sólarhring og að um 20.000 færri klukkustundum er varið í að ferðast milli staða í einkabíl á hverjum sólarhring.

1 Inngangur

Notkun umferðarlíkana fyrir höfuðborgarsvæðið á sér orðið nokkra sögu en segja má að sú saga hafa byrjað við vinnu Aðalskipulags Reykjavíkur 1962-1983. Í tengslum við þá skipulagsgerð var unnin viðamikil umferðarkönnun sem ætlað var að mynda grunn fyrir umferðarlíkan. Reyndar var á þeim tímamarki fallið frá gerð umferðarlíkans vegna tímaskorts. Árið 1974 var hins vegar þróað hefðbundið umferðarlíkan á grundvelli þessara talninga. Þetta líkan var svo í notkun með minni háttar breytingum til ársins 1991, þegar Vegagerðin og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu réðust í gerð nýs umferðarlíkans fyrir höfuðborgarsvæðið. Árið 1999 hófst vinna við gerð svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið. Í tengslum við þá vinnu var ákveðið að byggja upp nýtt umferðarlíkan og var það unnið af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og danska fyrirtækinu Nyvig. Þeirri vinnu lauk árið 2001 og er umferðarspá Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 unnin með því líkani. Þar var umferðarlíkani í fyrsta skipti markvisst beitt til að meta áhrif mismunandi skipulagskosta á umferðarmagn, akstursvegaleidir, orkunotkun og fleiri þætti.

Árið 2005 fékk VSÓ Ráðgjöf styrk frá Vegagerðinni til að endurbæta umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins. Áður höfðu komið fram ábendingar um ýmsa þætti sem mætti bæta til að auka nákvæmni líkansins. Síðan þá hefur líkanið verið í stöðugri þróun og hefur VSÓ unnið mörg verkefni með líkaninu. Fyrst skal telja umferðarspá fyrir Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, auk annarra verkefna s.s. háannatímalíkan, líkön fyrir bæði almenna umferð og þunga umferð á þjóðvegum. Í umferðarspá fyrir Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 var í fyrsta skipti gerð umferðarspá þar sem tekið er tillit til breytinga á ferðavenjum, þ.e. litið er til aukinnar hlutdeildar almenningssamgangna og gangandi/hjólandi og fækkun bílferða.

Í umferðarspá nýs Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, sem hér er gerð grein fyrir, eru settar fram umferðarspár sem taka mið af mismikilli uppbyggingu samgöngumannvirkja, mögulegri breytingu á ferðavenjum og áhrifum þess á allt höfuðborgarsvæðið.

1.1 Tilgangur verkefnis

Umferðarspár eru notaðar til að spá fyrir um hvernig umferðarflæði dreifist á gatnanet eftir ákveðnum forsendum s.s. uppbyggingarsvæðum, þéttingu byggðar, mismiklum vegaframkvæmdum og ferðavenjum. Niðurstöður þeirra nýtast til að skilja betur samhengi byggðapróunar og samgangna.

Tilgangur verkefnisins er að:

- ▶ Leggja mat á umferð á höfuðborgarsvæðinu,
- ▶ Gera grein fyrir því hvernig umferð muni þróast
- ▶ Kanna áhrif mismunandi skipulagskosta á umferð
- ▶ Niðurstöður líkansins hafi mótandi áhrif á skipulagstillögu

1.2 Forsendur

Umferðartregður í borgum eru vel þekkt vandamál. Flestir eru sammála því að umferðartregður eigi ekki að aukast. Með auknum íbúafjölda í borgum á komandi árum og óbreyttum ferðavenjum er það nær óhjákvæmilegt, þó svo að farið væri í miklar gatnaframkvæmdir. Víðast hvar í erlendum borgum er reynt að sporna við fjölda bílferða með því að hvetja íbúa til að ferðast með öðrum og umhverfisvænni ferðamátum. Þessi breyting á ferðavenjum hefur einnig jákvæð áhrif á loftgæði og hljóðvist í borgum.

Til að hvetja til breytinga á ferðavenjum íbúa hafa sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og ríkið sett aukið fjármagn í hjóla- og göngustíga, og í bættar almenningssamgöngur. Með því er verið að auka valmöguleika íbúa á ferðamáta. Þessir fararmátar eru stundum

fljótlegri en að ferðast í bifreið og einnig heilsueflandi. Það má því búast við því að ferðavenjur íbúa á höfuðborgarsvæðinu muni breytast í framtíðinni þó óvissa sé um umfang breytinganna. Því eru settar fram sviðsmyndir af umferðarspám með og án tillits til breyttra ferðavenja auk tveggja sviðsmynda uppbyggingar samgöngumannvirkja. Helstu forsendur við gerð umferðarlíkansins eru eftirfarandi:

- ▶ Mótaðar verði mismunandi tillögur um þróun byggðar, vegaframkvæmda og breytingu á ferðavenjum. Umferðarspár verði gerðar fyrir þessar tillögur og niðurstöður þeirra notaðar til að móta skipulagstillögu.
- ▶ Í þróun byggðar verði kannaðir mismunandi kostir um forgangsröðun uppbyggingu svæða, þéttleika byggðar og dreifingu starfa.
- ▶ Í þróun gatnaskipulags verði kannaðir mismunandi kostir um forgangsröðun og umfang gatnaframkvæmda. Í skipulagstillögu verði einnig tilgreindar nauðsynlegar vegaframkvæmdum til að anna umferð.
- ▶ Í þróun á breyttum ferðavenjum verði stuðst við erlendar fyrirmyndir, þéttleika svæða og tillögur hvar eigi að bæta almenningssamgöngur.
- ▶ Tekið sé tillit til meðalvegalengdar og tímalengd ferða við mótun skipulagstillögu.
- ▶ Skapa forsendur fyrir umhverfismat, þ.e. til að meta umhverfisáhrif samgangna (bílumferðar) á hljóðvist, loftgæði, orkunotkun og loftslag (útblástur gróðurhúsalofttegunda).
- ▶ Skapa forsendur arðsemisgreiningar einstakra framkvæmda og þjóðhagslegrar úttektar á hagkvæmni byggðapróunar.

Hafa skal í huga að styrkleiki umferðarlíkana liggur fyrst og fremst í því að bera saman mismunandi valkosti fremur en að spá fyrir með nákvæmni um umferðarflæði í framtíðinni fyrir eina tillögu. Niðurstöður umferðarspáa geta gefið góðar vísbindingar um mögulega þróun umferðar miðað við gefnar forsendur og aukið skilning á samhengi byggðapróunar og samgangna.

1.3 Uppbygging greinargerðar

Þessari greinargerð er skipt upp í 5 hluta og eru efnistökin þeirra sem hér segir:

- ▶ **Fyrsti kafli** er inngangskafli þar sem bakgrunnur og markmið verkefnis eru kynnt.
- ▶ **Í öðrum kafla** er stutt umfjöllun um umferðarlíkanið sem beitt er við þetta verkefni.
- ▶ **Í þriðja kafla** er fjallað um forsendur umferðarspár, ferðamyndun, gatnanet, breytingu á ferðavenjum og fleira.
- ▶ **Í fjórða kafla** er gerð grein fyrir niðurstöðum umferðarspár.
- ▶ **Í fimmta kafla** er umræða um niðurstöðurnar og túlkun þeirra.

2 Aðeins um umferðarlíkan

2.1 Þróun umferðarlíkans

Þær umferðarspár sem hér er lýst eru unnar í umferðarlíkani fyrir höfuðborgarsvæðið sem þróað hefur verið af VSÓ Ráðgjöf. Uppbyggingu þess er lýst ítarlega í eldri skýrslum (VSÓ Ráðgjöf, 2005, VSÓ Ráðgjöf, 2006). Í þessari greinargerð verður því látið nægja að fjalla um aðalatriðin í uppbyggingu líkansins, auk þeirra breytinga sem gerðar hafa verið og þeim atriðum sem snúa beint að þessu verkefni. Vísað er í áðurnefndar skýrslur til frekari glöggvunar um virkni og aðferðafræði líkansins.

VSÓ Ráðgjöf hefur verið með umferðarlíkanið í stöðugri þróun frá árinu 2005 og á grunni þess unnið mörg verkefni; þar á meðal háannatímalíkan, kortlagningu á umferð þungra bíla á þjóðvegakerfinu, dreifilíkan fyrir almenna umferð á landsvísu o.fl. Auk þess var líkanið notað við umferðar- og álagsgreiningu vegna hugsanlegrar náttúruvár í tengslum við rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið. Líkanið var jafnframt notað við gerð umferðarspár Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 þar sem því var markvisst beitt til að móta og skilgreina valkosti. Þar voru jafnframt í fyrsta skipti gerðar umferðarspár sem taka tillit til breytinga á ferðavenjum.

2.2 Líkan grunnárs

Grunnárslíkanið er tvíþætt:

- ▶ *Matshluti* þar sem umferð grunnársins er kortlögð út frá umferðartalningum og upplýsingum um ferðavenjur.
- ▶ *Spáhluti* þar sem ferðafjöldi úr matshluta er tengdur við skipulagstölur og á grunni þess sambands gerð umferðarspá fyrir grunnárið.

Tilgangurinn með því að gera spá fyrir grunnárið er sá að stilla líkanið af til að ná sem mestu samræmi við umferðartalningar. Við stillingar er að ýmsu að hyggja; s.s. hraða á götum, akreinafjölda og afkastagetu gatna. Ferðatími þarf að vera í samræmi við umferðarhraða, beygjubönn þurfa að vera rétt o.fl.

Í tengslum við þessa vinnu var grunnár umferðarlíkansins frá 2010 uppfært til 2012. Það felur í sér að gatnanet var uppfært og yfirfarið, skipulagsgrunnur uppfærður til 2012 og nýjar umferðartalningar teknar inn í líkanið. Stærstu rökin fyrir því að ráðast í uppfærslu grunnársins voru hins vegar að fá niðurstöður ferðavenjukönnunar frá 2011 inn í líkanið.

2.3 Spálíkan framtíðar

Aðeins þegar spá grunnárs skilar orðið ásættanlegri niðurstöðu er raunhæft að beita líkaninu á skipulagstölur framtíðar til að gera framtíðarspá umferðar. Líkan grunnárs er því grunneining spálíkansins.

Mikilvægt er að skekkjur í umferðarspám séu sem minnstar og því skiptir miklu máli að grunnur líkans sé sem réttastur. Hins vegar er engin leið að spá fyrir um umferð langt fram í tímann með fullkominni nákvæmni. Erlendar rannsóknir hafa jafnframt sýnt að skipulagstölur og framreiknaðar félagshagfræðilegar stærðir séu jafnvel stærri skekkjuvaldar í umferðarspám heldur en líkönin sjálf. Ítarlega umfjöllun um þetta má finna í nýlegu meistaraverkefni við Háskólann í Reykjavík (Grétar Hreggviðsson, 2012)

Styrkleiki umferðarlíkana felst fyrst og fremst í því að bera saman mismunandi kosti uppbyggingar, og styðja þannig við mótun valkosta, miklu fremur en útreikningur eins tilfellis með mikilli nákvæmni. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar rýnt er í niðurstöður umferðarspár.

3 Forsendur umferðarspár

3.1 Ferðamyndun

Grunneining umferðarlíkana er ferð milli tveggja staða. Ferð frá heimili til vinnu er þannig ein ferð, og til baka er önnur ferð. Í fræðunum er talað um ferðamyndun (stundum nefnt umferðarsköpun), sem lýsir þeim fjölda ferða sem myndast (eða verða til) á tilteknu svæði. Yfirleitt er talað um að heimilin myndi ferðirnar (e. trip production) og vinnustaðir/þjónusta dragi til sín ferðir (e. trip attraction). Umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins er hefðbundið fjögurra þrepa umferðarlíkan þar sem ferðamyndun er reiknuð út frá skipulagstólum, umferðartalningum og upplýsingum um ferðavenjur.


3.1.1 Umferðartalningar

Umferðartalningar fyrir þetta verkefni komu frá Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ og Vegagerðinni. Alls fengust talningar fyrir 176 talningarstaði, 118 frá árinu 2012 og 58 frá 2011. Að auki eru notaðar talningar úr grunnárslíkani 2010. Þar liggja til grundvallar talningar frá 303 talningarstöðum fyrir árin 2008-2010. Auk þess eru eldri talningar frá 315 talningarstöðum til viðbótar, flestar fyrir árin 2004-2007 en nokkrar eldri. Þessar eldri talningar fá þó töluvert minna vægi í reikningum en aðrar talningar og hafa fyrst og fremst þann tilgang að auðvelda líkaninu að dreifa umferðinni um gatnanetið. Ekki er því horft á þessar eldri talningar við fínstillingar á líkaninu, heldur fyrst og fremst talningar frá 2008-2012.

Samtals eru því talningar af 795 talningarstöðum í líkaninu. Talningum er skipt upp eftir akstursstefnum og víða eru talningar einungis í aðra áttina (einstefnugötur o.þ.h.). Þessir talningarstaðir gefa talningar á samtals 1.446 umferðarströumum. Það er því mikið magn umferðartalninga sem liggja til grundvallar þessari umferðarspá.

3.1.2 Ferðavenjukönnun

Ferðavenjukönnun var framkvæmd árið 2011 (Capacent, 2012). Niðurstöður úr henni voru notaðar við uppfærslu á grunnári líkansins. Búið var til ferðafylki úr niðurstöðum könnunarinnar sem notað var sem grunnfylki fyrir kortlagningu umferðar. Jafnframt var leidd út ferðalengdardreifing, sem notuð var til að stilla af (kvarða) ferðadreifingu líkansins. Á mynd 3.1 má sjá ferðalengdardreifingu bílaferða, en lárétti ásinn táknar ferðatíma í mínútum og lóðrétti ásinn hlutfall ferða. Af myndinni má sjá að um 10% ferða hafa ferðatíma skemmri en tvær mínútur.



Mynd 3.1 Ferðalengdardreifing bílaferða unnin upp úr ferðavenjukönnun frá 2011. Lárétti ásinn er ferðatími í mínútum og sá lóðrétti hlutfall ferða. Sjá má að ferðatími 27% ferða 2-4 mínútur.

3.1.3 Skipulagsgrunnur

Við uppfærslu grunnársins voru teknar nýjar skipulagsstölur inn í líkanið. Skipulagsgrunnur fyrir árið 2012 var fengin frá Landupplýsingadeild Reykjavíkurborgar (LUKR) og byggist hann á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu einsog staðan var 1. janúar 2013. Heildartölur skipulagsgrunnnsins eru samkvæmt töflu 3.1.

Tafla 3.1: Heildartölur skipulagsgrunnns ársins 2012			
	Íbúar	Verslun og skrifstofur [m ²]	Annað atvinnu- húsnæði [m ²]
Seltjarnarnes	4.369	7.965	28.559
Reykjavík	120.268	1.443.269	2.848.646
Kópavogur	31.897	396.347	467.203
Garðabær	11.143	88.924	189.364
Hafnarfjörður	27.102	162.061	749.287
Álftanes	2.426	249	14.372
Mosfellsbær	8.884	25.912	150.895
Samtals	206.089	2.124.727	4.448.326

3.2 Ferðadreifing

Þegar fjöldi ferða liggur fyrir úr útreikningum á ferðamyndun er ferðum dreift um svæðið með svokölluðu aðdráttarlíkani (e. Gravity model). Aðdráttarlíkanið er stillt út frá ferðalengdardreifingu úr ferðavenjukönnun (mynd 3.1). Aðdráttarflsíkanið byggir á þeirri hugmynd að ferðafjöldinn milli tveggja umferðarreita sé í hlutfalli við fjölda ferða sem myndast í og dragast að hvorum reit. Ennfremur er gert ráð fyrir því að umferðin sé háð aksturstíma og akstursvegalengd (ferðakostnaður) milli reitanna þannig að því minni sem ferðakostnaðurinn er, því meiri umferð reiknast milli reitanna. Ferðadreifingin gefur svokallað ferðafylki, eða OD-fylki (Origin-Destination) sem lýsir ferðamynstri svæðisins.

3.3 Álagsreikningar

Álagsreikningar nefnist það ferli þegar ferðir úr ferðafylki eru lagðar út á gatnanetið í þeim tilgangi að fá út umferðarflæði. Þetta kallast álagsreikningar af því við þessa útreikninga byrjar afkastageta gatna, ferðakostnaður o.fl. að hafa áhrif. Ferðakostnaður er vegið hlutfall milli ferðatíma og akstursvegalengdar. Sú álagsaðferð sem notuð er í umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins nefnist *Stochastic User Equilibrium* og er slembin aðferð sem í stuttu máli gerir ráð fyrir að ekki hafi allir fullkomna þekkingu á gatnanetinu og velji þannig ekki alltaf stystu leið milli tveggja staða.

3.4 Gatnanet og reitir


Það gatnanet sem hér er byggt á er í grunninn það sama og notað hefur verið í umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins undanfarin ár, t.d. við umferðarspá Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, þó með nokkrum breytingum. Við uppfærslu grunnárs fram til 2012 var gatnanetið vandlega yfirfarið og gerðar viðeigandi breytingar frá 2010 gatnanetinu. Jafnframt voru beygjubönn vandlega yfirfarin.

3.4.1 Gatnanet 2040 – lágmarksframkvæmdir

Í þessu tilfalli er aðeins gert ráð fyrir þeim samgöngubótum sem þegar hafa verið ákveðnar eða ráðgert er að ráðast í á næstu árum auk Öskjuhlíðarganga.

Lágmarksframkvæmdir eru (sjá mynd 3.2):

- ▶ Öskjuhlíðargöng og tengingar í Vatnsmýri (1).
- ▶ Arnarnesvegur, milli Vatnsendavegar og Reykjanesbrautar (2).
- ▶ Suðurlandsvegur tvöfaldaður frá Vesturlandsvegi, að Rauðavatni og austur fyrir Nesjavallaleið (3).
- ▶ Reykjanesbraut tvöfölduð frá Kaldárselsvegi suður í Hvassahraun með mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg (4).




3.4.2 Gatnanet 2040 – allar framkvæmdir

Í þessu tilfalli er miðað við flestar stærri vega- og gatnaframkvæmdir sem tilgreindar eru í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 og í tillögum sveitarfélaganna til vegaáætlunar árið 2007. Helstu framkvæmdir eru sem hér segir (sjá mynd 3.3):

- ▶ Öskjuhlíðargöng og tengingar í Vatnsmýri (1).
- ▶ Sundabraut upp á Kjalarnes og tenging við Hallsveg (2).
- ▶ Tenging Hallsvegur yfir á Lambhagaveg með mislægum gatnamótum yfir Vesturlandsveg (3).
- ▶ Tvöföldun Suðurlandsvegur frá Vesturlandsvegi, að Rauðavatni og austur fyrir Nesjavallaleið (4).
- ▶ Breiðholtsbraut tvöfölduð frá Jaðarseli að Suðurlandsvegi (5).
- ▶ Arnarnesvegur, milli Vatnsendavegar og Reykjanesbrautar (6).
- ▶ Ofanbyggðavegur (Elliðavatsvegur) milli Arnarnesvegur og Kaldárselsvegur (7).


- ▶ Álftanesvegur, milli Engidals og Reykjanesbrautar (8)
- ▶ Reykjanesbraut tvöfölduð frá Kaldárselsvegi suður í Hvassahraun með mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg (9).
- ▶ Ofanbyggðavegur, frá Kaldárselsvegi að Reykjanesbraut sunnan Straums (10).



3.4.3

Umferðarreitir

Reitaskrá líkansins er nánast óbreytt frá fyrri útgáfum. Smávægilegar breytingar voru gerðar á reitaskiptingu í Hafnarfirði. Legu nokkurra reita við Ásland og Vatnshlíð var breytt lítillega til að endurspeglar betur endurskoðað aðalskipulag Hafnarfjarðar. Auk þess var reit 199, sem markast af Fjarðarhrauni, Flatahrauni og Reykjavíkurvegi, skipt upp í þrjá reiti. Heildarfjöldi reita í skránni er 359 en var 357 áður.



3.5


Breyttar ferðavenjur

Allar líkur eru á að ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu muni taka breytingum á næstu árum og áratugum í takt við breytingar sem orðið hafa víða erlendis.

Ferðavenjukönnun fyrir höfuðborgarsvæðið var unnin árið 2002 og aftur árið 2011. Í meginatriðum eru niðurstöður þessara kannanna nokkuð samhljóða. Smávægileg fjölgun varð á meðalferðafjölda einstaklings milli kannana; úr 4,2 ferðum í 4,3 ferðir. Einnig fjölgaði ferðum bílstjóra á einkabíl, úr 58,2% í 61,0%. Ferðum sem farþegi í einkabíl fækkaði hins vegar úr 17,1% í 15,4%. Hlutdeild ferða á einkabíl helst því nokkuð óbreytt, eða um 76%. Það sem hins vegar vekur sérstaka athygli er töluverð fjölgun hjólaferða, en hlutdeild þeirra var 0,8% árið 2002 en 3,8% árið 2011. Jafnframt segjast 12,4% aðspurðra hjóla allt árið og 61% segjast hjóla hluta úr ári eða allt árið um kring.


Hlutdeild almenningsgangna er sú sama í báðum könnunum eða 4,0%. Þó er vert að hafa í huga að íbúum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað talsvert milli kannana, eða um ca. 13%. Það rímar engu að síður nokkuð vel við talningar frá Strætó bs. Á mynd 3.2 má sjá heildarfarþegafjölda á ársgrundvelli hjá Strætó fyrir árin 2002-2014. Líkt og sjá má varð fækkun frá 2002-2005. Notkun stóð nokkuð í stað árin 2005-2009 en frá árinu 2009 hefur verið stöðug aukning í farþegafjölda og árið 2014 hafði farþegum fjölgað

um 37% frá 2009, þar sem meðalaukning á ári nam um 5,5%. Mest var aukningin árið 2011, eða um 12% og það ár náði heildarfarþegafjöldi því sem hann var árið 2002. Það segir því ekki alveg alla söguna að bera saman hlutdeild almenningsgangna í ferðavenjukönnunum 2002 og 2011 og draga þá ályktun að notkun hafi staðið í stað. Veruleg aukning hefur orðið á notkun strætó síðustu árin á sama tíma og lagt hefur verið í töluverða uppbyggingu í strætókerfinu og þjónustu bætt.



Strætó bs. framkvæmir ítarlega talningar í vögnum sínum í október ár hvert. Talin eru inn- og útstig á öllum biðstöðvum allra leiða. Mynd 3.3 sýnir niðurstöður þessara talninga fyrir árin 2005-2014. Í október 2012 gerðist það í fyrsta skipti í sögu Strætó bs. að farþegafjöldi fór yfir eina milljón farþega í einum mánuði. Árið 2014 hafði farþegum í október fjölgað um tæp 307 þús. frá árinu 2009, eða um 39%, og er meðalfjöldun milli ára á þessu tímabili um 6%.

Farþegafjöldi í október á milli ára



Mynd 3.3 Mynd útgefin af Strætó bs. sem sýnir farþegafjölda samkvæmt talingum í októbermánuði árin 2005-2014 (heimild: Strætó bs.)

3.5.1


Forsendur breyttra ferðavenja

Til að styðja við breytingu á ferðavenjum er sú stefna mörkuð í svæðisskipulaginu að 2/3 íbúa höfuðborgarsvæðisins búi innan svokallaðra samgöngumiðaðra svæða sem nánar eru skilgreind greinargerð Svæðisskipulags 2015-2040. Þessi svæði byggjast á því að þétt byggð sé við allar aðalleiðir almenningsgangna þannig íbúar þessara svæða búi við góðar tengingar við almenningsgangnakerfið. Með góðu aðgengi íbúa að almenningsgangum er raunhæft að auka hlutdeild þeirra. Markmið um hlutdeild mismunandi ferðamáta eru sett fram í töflu 3.2, og til samanburðar kemur þar líka fram staðan einsog hún er í dag.

Tafla 3.2: Markmið um hlutdeild ferðamáta

	Markmið 2040	Staðan í dag
Bílferðir	58%	77%
Gangandi/hjólandi	30%	19%
Almenningsgangur	12%	4%

Skilgreind hefur verið svæðaskipting fyrir höfuðborgarsvæðið eftir möguleikum svæða til breytinga á ferðavenjum. Þessi skipting tekur mið af þéttleika byggðar árið 2040 samkvæmt skipulagsgrunni, aðgengi að almenningsgangum og þeim kjarnasvæðum sem skilgreind eru í svæðisskipulaginu, auk þess sem reiknuð ferðamyndun var lögð til grundvallar. Einnig var byggt á núverandi þéttleika byggðar, niðurstöðum ferðavenjukönnunar og notkun almenningsgangna. Niðurstaðan úr þeirri greiningu er svæðaskipting samkvæmt mynd 3.4.



Mynd 3.4 Höfuðborgarsvæðinu skipt upp í svæði eftir möguleikum til breytinga á ferðavenjum.

Í flokki I eru svæðin þar sem líklegast verði hlutfallslega færstar bílferðir, og á þeim svæðum sem lenda í flokk IV séu minni líkur á breytingu ferðavenja og þau séu hlutfallslega nær núverandi fjölda bílferða.

Tafla 3.3 gefur svo samtölur fyrir íbúafjölda og fermetraffjölda atvinnuhúsnæðis innan hvers svæðis. Líkt og sjá má eru um tveir þriðju íbúa höfuðborgarsvæðisins innan svæða I og II, sem er í takti við stefnu skipulagsins. Jafnframt eru 79% verslunar- og skrifstofuhúsnæðis innan sömu svæða sem er í samræmi við það að kjarnasvæði séu í nágrenni samgönguása höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 3.3: Skipting íbúa og atvinnuhúsnæðis eftir svæðum þar sem líklegt er að ferðavenjur taki breytingum.

	Íbúar		Versl./skrifst. húsn. [m ²]		Annað atv.húsn. [m ²]	
Svæði I	57.300	20%	1.045.500	38%	1.411.200	25%
Svæði II	129.500	45%	1.130.500	41%	2.065.300	37%
Svæði III	49.900	17%	341.200	12%	1.058.100	19%
Svæði IV	50.000	17%	246.800	9%	1.077.100	19%
Samtals	286.700		2.764.000		5.611.700	

Líkt og kemur frá í töflu 3.2 er núverandi hlutfall bílferða á höfuðborgarsvæðinu um 77%. Sett eru fram markmið um breytingu ferðavenja fyrir hvert þessara fjögurra svæða sem skilgreind eru á mynd 3.4 og töflu 3.3. Þannig er hlutdeild bílferða breytt hlutfallslega og hlutdeild annarra samgöngumáta breytt til samræmis. Þannig fækkar bílferðum hlutfallslega mest á svæðum I og minna á svæðum II og III. Hins vegar fjölgar ferðum á svæðum IV. Forsendur eru samkvæmt töflu 3.4

Tafla 3.4: Forsendur um hlutfallslega breytingu á hlutdeild bílferða

	Breyting
Svæði I	-30%
Svæði II	-15%
Svæði III	-5%
Svæði IV	+5%

3.6 Umferðarspá - spátílfelli

Gerðar voru umferðarspár fyrir fjögur mismunandi tilfelli, þ.e. miðað við tvenns konar útfærslur af mögulegum framkvæmdum og með og án breytinga á ferðavenjum.

1. Lágmarksframkvæmdir og óbreyttar ferðavenjur
2. Lágmarksframkvæmdir og breyttar ferðavenjur
3. Allar framkvæmdir og óbreyttar ferðavenjur
4. Allar framkvæmdir og breyttar ferðavenjur

4 Niðurstöður

4.1 Kortlagning núverandi umferðar (grunnár)

Almennt er talið æskilegt að byggja umferðarspá á grunnári. Þannig er líkanið stillt af miðað við þekkt umferðarmagn, byggðamynstur og ferðavenjur. Í tengslum við þessa umferðarspá var grunnár líkansins uppfært frá 2010 til 2012 í þeim tilgangi að fá inn nýjar umferðartalningar og ekki síst til að taka inn ferðavenjukönnun sem unnin var árið 2011. Mat á núverandi umferð skilaði mjög góðri nálgun við umferðartalningar. Helstu niðurstöður úr kortlagningu umferðar eru settar fram í töflu 4.1. Til samanburðar eru sýndar niðurstöður fyrir kortlagningu grunnárs frá 2010.

Tafla 4.1: Niðurstöður úr kortlagningu umferðar grunnársins 2012. Til samanburðar eru sýndar samsvarandi niðurstöður úr grunnárslíkani 2010.


	2012	2010
Meðalhluftfallsfrávik, nýjustu talningar (2010-2012)	5,0%	-
Meðalhluftfallsfrávik, talningar með mest vægi	6,3%	7,0%
Meðalhluftfallsfrávik (allar talningar)	8,8%	10,2%
Heildarfjöldi ferða	852.370	864.907
Heildarakstur [km]	4.235.182	4.209.223
Meðallengd ferðar [km]	4,97	4,86
Heildaraksturstími [klst.]	82.741	84.106
Meðalaksturstími [mín]	5,82	5,84
Meðalferðahraði [km/klst.]	49,4	50,1
Íbúafjöldi [Hagstofan]	206.089	200.907
Ferðir með einkabíl/íbúa	4,1	4,3

Líkt og sjá má í töflu 4.1 er meðalhluftfallsfrávik líkans frá nýjustu talningum aðeins 5,0% og 6,3% fyrir talningar sem hafa mest vægi, þ.e. talningar á helstu stofnbrautum. Þetta er betri niðurstaða en áður hefur sést í umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins.


Heildarferðafjöldi ferða lækkar aðeins frá 2010. Væntanlega er örlítið ofmat í ferðafjölda í 2010 líkaninu enda gefur 2012 líkanið betri nálgun við umferðartalningar. Heildarakstur eykst hins vegar þannig að meðallengd ferða eykst, þ.e. ferðir lengjast frá 2010 líkaninu.

Grunnárslíkanið frá 2010 byggir á ferðavenjukönnuninni frá 2002. Síðan 2002 hefur orðið nokkur uppbygging á jöðrum höfuðborgarsvæðisins. Því mátti fyrirfram búast við því að akstursvegalengdir myndu lengjast að einhverju marki. Af töflu 4.1 má sjá að meðallengd ferða hefur lengst um 0,11 km.

4.1.1 Umferðarflæði 2012



Mynd 4.2 Flæði umferðar árið 2012 út frá kortlagningu grunnárs.



Mynd 4.3 Mettunarhlutfall gatna miðað við umferðarmagn og umferðarflæði ársins 2012. Mettunarhlutfall er hlutfall umferðarmagns og afkastagetu og þegar mettunarhlutfall er orðið stærra eða jafnt og 1.0 eru orðnar verulega líkur á umferðartöfum.

4.2 Umferðarspá 2040

Á grunni grunnárslíkans eru gerðar umferðarspár til framtíðar. Reiknuð var út ferðamyndun fyrir bæði breyttar og óbreyttar ferðavenjur. Heildarferðamyndun er samkvæmt töflu 4.2.


Tafla 4.2: Ferðamyndun framtíðarspár		
	Fjöldi bílferða	Bílferðir pr. íbúa
Grunnár 2012	852.400	4,1
2040 - Óbreyttar ferðavenjur	1.163.600	4,1
2040 - Breyttar ferðavenjur	996.200	3,5

Þegar reiknuð ferðamyndun höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2040 er skoðuð eftir sveitarfélögum fæst tafla 4.3.

Tafla 4.3: Reiknuð ferðamyndun innan hvers sveitarfélags höfuðborgarsvæðisins m.v. óbreyttar og breyttar ferðavenjur árið 2040, og árið 2012 til samanburðar.			
	Grunnár 2012	Óbreyttar ferðavenjur 2040	Breyttar ferðavenjur 2040
Reykjavík	533.500	673.000	543.700
Kópavogur	131.900	186.600	168.400
Garðabær	45.200	77.200	74.100
Hafnarfjörður	93.000	127.000	114.400
Mosfellsbær	25.800	56.600	52.400
Seltjarnarnes	10.200	12.600	12.600
Annað	12.800	30.600	30.600
	852.400	1.163.600	996.200

Smávægilegar breytingar verða á hlutdeild hvers sveitarfélags í heildarferðamyndun á höfuðborgarsvæðinu við breytingu ferðavenja, líkt og sjá á mynd 4.1. Hlutur Reykjavíkur í heildarferðamyndun minnkar en hin sveitarfélögin bæta lítillega við sig, enda liggur stærsti hluti þeirra svæða þar sem líklegt er að ferðavenjur breytist innan Reykjavíkur.

Sú ferðamyndum sem hér er sett fram er grundvöllur fyrir umferðarspá til ársins 2040 og eru meginniðurstöður allra spátílfella teknar saman í töflu 4.5.



Mynd 4.1 Ferðamyndun á höfuðborgarsvæðinu 2040

Tafla 4.5 sýnir heildarniðurstöður fyrir öll spátílfelli. Þegar borin eru saman tilfelli sem taka mið af óbreyttum ferðavenjum sést að ekki er verulegur munur á heildarakstri eftir því hvort reiknað er með lítilli eða mikilli uppbyggingu samgöngumannvirkja og er meðallengd ferða nánast sú sama. Hins vegar er nokkur munur á heildaraksturstíma, sem er um 6% lægri m.v. allar framkvæmdir og er það fyrst og fremst vegna aukinnar greiðfærni í gatnanetinu. Meðalferðatími er þannig um 0,39 mínútum styttri m.v. allar framkvæmdir sem þýðir að meðalferðin er um 23 sekúndum styttri. Svipaða sögu er að segja þegar borin eru saman tilfelli sem taka mið af breyttum ferðavenjum. Breytingin á heildarakstursvegalengd er hverfandi milli tilfella lágmarksframkvæmda og allra framkvæmda. Hins vegar er breytingin á heildaraksturstíma nokkur, en heildaraksturstíminn er um 4% lægri fyrir allar framkvæmdir en lágmarksframkvæmdir.


Niðurstöður sýna að að breytingar á ferðavenjum hafa nokkuð meira vægi en auknar framkvæmdir í því að draga úr umferðarálagi. Heildaraksturstími er þannig styttri við breyttar ferðavenjur og lágmarksuppbyggingu (spátílfelli 2) heldur en við allar framkvæmdir og óbreyttar ferðavenjur (spátílfelli 3), og er munurinn um 13%. Fyrir tilfelli þar sem aðeins er gert ráð fyrir lágmarksframkvæmdum (spátílfelli 1 og 2) er heildaraksturstími um 17% lægri sé gert ráð fyrir breytingu ferðavenja. Fyrir tilfelli sem gera ráð fyrir öllum framkvæmdum (spátílfelli 3 og 4) er heildaraksturstími um 15% lægri sé gert ráð fyrir breytingu ferðavenja. Séu hins vegar borin saman tilfelli lágmarksframkvæmda og allra framkvæmda án breytinga á ferðavenjum (spátílfelli 1 og 3) er munur heildaraksturstíma einungis um 6%. Munurinn er svo um 4% m.v. breyttar ferðavenjur (spátílfelli 2 og 4).

Tafla 4.5: Heildartölur úr niðurstöðum allra spátílfella


	Heildar akstur stími [klst]	Heildarakstur [km]	Meðalferðatími [mín]	Meðallengd ferða [km]
Grunnár 2012	82.741	4.235.182	5,82	4,97
Spátílfelli				
Lágmarksframkvæmdir				
1 Óbreyttar ferðavenjur	143.402	6.535.772	7,39	5,62
2 Breyttar ferðavenjur	119.666	5.823.248	7,21	5,85
Allar framkvæmdir				
3 Óbreyttar ferðavenjur	135.661	6.524.182	7,00	5,61
4 Breyttar ferðavenjur	114.980	5.813.171	6,93	5,84

Á myndum 4.4 – 4.7 eru niðurstöður umferðarspár settar fram myndrænt með kortum sem sýna flæði umferðar fyrir öll fjögur spátílfellin.


4.2.1 Umferðarflæði 2040




Mynd 4.4 Spátílfelli 1. Umferðarflæði á höfuðborgarsvæðinu árið 2040 miðað við lágmarksuppbýggingu samgöngumannvirkja og óbreyttar ferðavenjur.



Mynd 4.5 Spátílfelli 2. Umferðarflæði á höfuðborgarsvæðinu árið 2040 miðað við lágmarksuppbýggingu samgöngumannvirkja og að markmið um breyttar ferðavenjur gangi eftir.




Mynd 4.6 Spátílfelli 3. Umferðarflæði á höfuðborgarsvæðinu árið 2040 miðað við umtalsverða uppbýggingu samgöngumannvirkja og óbreyttar ferðavenjur.




Mynd 4.7 Spátílfelli 4. Umferðarflæði á höfuðborgarsvæðinu árið 2040 miðað við umtalsverða uppbyggingu samgöngumannvirkja og að markmið um breyttar ferðavenjur gangi eftir.

4.2.2 **Mettunarhlutfall gatna 2040**


